

Sp.

580. Tillaga til þingsályktunar

[299. mál]

um stefnumörkun í skólamállum.

Flm.: Kristín H. Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nú þegar ellefu manna nefnd til að móta stefnu í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta.

Nefndin verði skipuð þannig:

- a) Samtök kennara tilnefni fimm,
- b) samtök foreldra tilnefni tvo og
- c) Alþingi kjósi fjóra.

Menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar.

Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti:

Innra starf skólans.

Skólahúsnæði.

Námsgögn og búnað skóla.

Skólasöfn.

Skólatíma.

Námsefni.

Menntun kennara.

Réttindi til kennslu.

Tengsl við atvinnulífið.

Samstarf við heimilin.

Skólaskipan (dreifbýli, þéttbýli).

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefndin hafi viðtækt umboð og geti m. a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangurinn með skipun þeirrar nefndar sem þingsályktunartillagan kveður á um er sá að hefja nú þegar stefnumótun til langs tíma varðandi meginþætti skólamála og leggja grunn að markvissum vinnubrögðum í þessum tilgangi.

Sú skólastefna, sem nú er ríkjandi, mótaðist á árunum eftir 1960 og hefur verið að festast í löggjöf síðustu 10—15 árin. Nú stendur yfir endurskoðun grunnskólalaga en ný framhaldsskólalöggjöf hefur ekki enn verið samþykkt á Alþingi en í anda hennar starfa þó margar menntastofnanir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að þróa og breyta stefnu í skólamállum nema á löngum tíma, enda ekki æskilegt. Stefnan í skólamállum þarf að vera ljós allri þjóðinni til að hægt sé að koma í veg fyrir sífellt hringl og öryggisleysi sem bitnar á nemendum, kennurum og foreldrum.

Það er því nauðsynlegt að kanna nú þegar hvernig haga beri stefnumörkun fyrir síðasta tug aldarinnar og marka stefnu í kjölfar þeirrar athugunar og umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er.

Reynsla síðustu missera sýnir mjög glögglega þörfina á að þingmenn, blaðamenn og allur almenningur hafi þekkingu og skilning á hvað gerist innan veggja skólans sem er ein umfangsmesta stofnun þjóðfélagsins og sú sem á e. t. v. stærstan þátt í að leggja grunn að hamingju og hagsæld einstaklingsins og þjóðarinnar.